

Skólaráðsfundur 17. 10. 2024

Mættir: Bylgja skólastjóri, Embla Ósk fulltrúi nemendaráðs, Guðný Björg fulltrúi nemendaráðs, Ása Lilja fulltrúi foreldrafélags, Ólöf Ólöfsdóttir, fulltrúi foreldra, Guðlaug Stefanía fulltrúi almenns starfsfólks, Konný Hrund fulltrúi kennara, Margrét Böðvarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins.

1. mál – Sjálfsmatskýrsla
Farið yfir Sjálfsmatskýrslu Sandgerðisskóla.
Sjálfsmatskýrslan er nýuppfærð og er aðgengileg á heimasíðu Sandgerðisskóla.
2. mál – Umbætur
Farið yfir styrkleika og veikleika. Það sem við viljum bæta á þessu skólaári út frá skólapúlslinum er: færni í læsi, trú á eigin getu, sjálfsálit og vellíðan.
Farið yfir áherslur Innra mat skólans.
3. mál – Starfsáætlun
Farið yfir helstu áherslur í Starfsáætlun Sandgerðisskóla.
4. mál – Foreldrafélagið
Foreldrafélagið mun funda fljótlega og setja upp dagskrá.
6. mál – Nemendaráðið
Nemendaráðið fundar reglulega, ráðið hefur staðið fyrir sölu á skólapeysum og styttist í að þær verði afhentar. Þá er verið að skipuleggja bleikan dag í október en nemendaráðið stendur fyrir kökusölu til styrktar krabbameinsveikum börnum. Þá er ráðið einnig að skipuleggja draugahús fyrir nemendur í 1. - 10. bekk á skólatíma í tengslum við hrekkjavökuna.
7. mál – önnur mál
 - a. Sleppistæði og bílastæði rædd, mikilla úrbóta er þörf. Ekki næg bílastæði við skólann.
 - b. Ánægja með Fokk me fokk you fyrirlesturinn sem var fyrir nemendur í 7. – 10. bekk á skólatíma og fyrir foreldra að kvöldi. Mennta- og tómsundasvið stóð fyrir fyrirlestrinum. Rætt var um hvaða leiðir hægt er að fara til að ná betur til foreldra þegar fyrirlestrar sem þessi stendur þeim til boða.
 - c. UTÁ námskeið starfsfólks var á síðasta starfsdegi og gekk mjög vel.
 - d. Forvarnardagurinn hjá 9.bekk verður föstudaginn 18. október.
 - e. Rætt var um námskeiðið *Pitt öryggi* en áætlað er að allt starfsfólk fari á það námskeið í nóvember.
 - f. Þá var rætt um góðar fréttir á sandgerðisskoli.is en allar upplýsingar um hvað er á döfnni hjá skólanum eru aðgengilegar á forsíðu skólans.

Fundi slitið 9:43